

AUGLÝSING

um váttryggingafjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að váttryggingafjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 50.000.000 krónum vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 30.000 krónur að lágmarki og 300.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingafjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna og keppenda í aksturskeppni skuli vera 5.000.000 króna við dauða eða varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem tekin er samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um akstursíþróttir og aksturskeppni nr. 257 18. apríl 2000, gildir fyrir árið 2003.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. febrúar 2003.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Ragna Árnadóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

1. Bannað er að leggja ökutækjum beggja vegna Ráðhústraðar frá gatnamótum við Skólaveg, norðan megin austur að vegg er snýr að Stakkagerðistúni, en sunnan megin austur að innkeyrslu að nýjum bílastæðum skammt austan við Alþýðuhúsið.
2. Leyfilegur hámarkshraði á Ráðhúströð frá Skólavegi að Kirkjuvegi verður 30 km/klst.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 14. febrúar 2003.

Karl Gauti Hjaltason.